

Aðildarfélag ÖBÍ:

ADHD samtökin / Alzheimersamtökin á Íslandi / Astma- og ofnæmisfélag Íslands / Ás styrktarfélag / Blindrafélagið / Blindravinafélag Íslands / CCU-Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin / CP félagið / Einhverfusamtökin / Félag heyrnarlausra / Félag lesblindra á Íslandi / Félag lifrarsjúkra / Félag nýrnasjúkra / Fjöla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu / Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra / Geðhjálp / Geðverndarfélag Íslands / Gigtarfélag Íslands / Heilaheill / Heyrnarhjálp / HIV-Ísland / Hjartaheill / Hugurfar / Lauf-félag flogaveikra / Málbjörg-félag um stam / Málefli / ME félag Íslands / MG-félag Íslands / MND félagið á Íslandi / MS-félag Íslands / Ný rödd / Parkinsonsamtökin á Íslandi / Samtök lungnasjúklinga / Samtök sykursjúkra / SEM-samtök endurhæfðra mænuskaddaðra / SÍBS / Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra / SPOEX-Samtök psoriasis- og exemsjúklinga / Stómasamtök Íslands / Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra / Tourette-samtökin á Íslandi.

Öryrkjabandalag Íslands

Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | 530 6700

obi.is | obi@obi.is

[facebook.com/oryrkjabandalagislands](https://www.facebook.com/oryrkjabandalagislands)

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er alþjóðasamningur sem felur í sér skyldur aðildarríkja til þess að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Hann markar tímamót í allri mannréttinda- og frelsisbaráttu fatlaðs fólks. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í mars 2007 og fullgiltur af Alþingi 20. september 2016. Með fullgildingu er Ísland orðið eitt af aðildarríkjum samningsins, sem felur í sér að íslenska ríkið lýsir sig skuldbundið af samningnum. Samningurinn er óháður skerðingu einstaklingsins, kyni og aldri og er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki sömu mannréttindi og tækifæri í lífinu og öðrum. Sjálfsögð mannréttindi fatlaðs fólks eru viðurkennd í samningnum, meðal annars:

• Jöfn staða allra

Að fatlað fólk fái stuðning sem geri því kleift að stjórna eigin lífi. Allir eiga sama rétt til einkalífs, hjónabands, fjölskyldulífs og foreldrahlutverks.

• Sjálfstætt líf

Allir einstaklingar eiga rétt á lífi í samfélagi án aðgreiningar og með sömu valkosti og aðrir. Fatlað fólk skal m.a. eiga rétt á vali á búsetustað og með hverjum það býr.

• Samfélagsþátttaka

Allir eiga rétt á samfélagsþátttöku, þar á meðal í stjórnámálum og opinberu lífi, tómstundum, íþróttum og menningarlífi. Allir hafa tjáningar- og skoðanafrelsi og rétt til upplýsinga á aðgengilegu formi að eigin vali.

• Menntun

Allir eiga rétt til menntunar til jafns við aðra með einstaklingsmiðuðum stuðningsaðgerðum á öllum skólastigum innan almenna menntakerfisins.

• Lífskjör og félagsleg vernd

Réttur fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðeigandi og sífellt batnandi lífsskilyrða til jafns við aðra. Tryggja skal fötluðu fólki aðgang að húsnæði á vegum hins opinbera og að það fái aðstoð til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar sinnar.

• Heilsa, þjálfun og endurhæfing

Fatlað fólk á rétt á góðri heilbrigðisþjónustu án mismununar vegna fötlunar og fjárhags. Allir einstaklingar eiga rétt á heildstæðri hæfingu og endurhæfingu sem eflir og viðheldur sjálfstæði og samfélagsþátttöku.

• Atvinna

Fatlað fólk á rétt á aðgengi til jafns við aðra innan samfélagsins að mannvirkjum, samgöngum, upplýsingum og samskiptum.

• Ferlimál/réttur til þess að ferðast á jafnréttisgrundvelli

Til að tryggja sjálfstætt líf einstaklinga skal þeim gert kleift að fara ferða sinna til jafns við aðra.

Upplýsingar um ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) var stofnað 5. maí 1961 og er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Bandalagið samanstendur af 41 aðildarfélagi fatlaðs fólks, öryrkja, langveikra og aðstandenda þeirra.

ÖBÍ er stefnumótandi í réttindamálum fatlaðs fólks og frumkvöðull innan málaflokksins. Markmið bandalagsins er að íslenskt þjóðfélag verði samfélag jöfnuðar og réttlætis þar sem allir einstaklingar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, njóti mannsæmandi lífskjara og jafnra möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélagsþátttöku.

Hlutverk ÖBÍ er m.a. að:

- Vera stefnumótandi í réttindamálum fatlaðs fólks, málsvari og frumkvöðull í málefnum þess.
- Vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífs- gæðum og kjörum fatlaðs fólks.
- Koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf og framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt fatlaðs fólks.
- Vera þekkingarmiðstöð um málefni fatlaðs fólks, ráðgjafi og stoð aðildarfélaga ÖBÍ.

Ráðgjöf

ÖBÍ veitir ráðgjöf til einstaklinga og aðstoð við að leita réttar síns hjá ýmsum stofnunum. Hægt er að hringja í símatíma ráðgjafanna eða panta viðtal á skrifstofu ÖBÍ.

Lögfræðiráðgjöf er veitt, til að auðvelda fólki að leita réttar síns. Lögfræðingar ÖBÍ taka ekki að sér einstök mál nema þau séu talin hafa fordæmisgildi fyrir aðra öryrkja og fatlað fólk. Panta þarf viðtal á skrifstofu ÖBÍ. Ráðgjöfin er veitt fólki að kostnaðarlausu.

Málefnaþópar ÖBÍ

Innan ÖBÍ starfa fimm fastir málefnaþópar sem fjalla um þá málaflokka sem helst brenna á aðildarfélögum og félagsfólki þeirra:

- Málefnaþópur um aðgengi
- Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál
- Málefnaþópur um heilbrigðismál
- Málefnaþópur um kjaramál
- Málefnaþópur um sjálfstætt líf

Samstarfsaðilar ÖBÍ

TMF Tölvumiðstöð sinnir ráðgjöf og námskeiðshaldi til einstaklinga og faghópa varðandi tölvuforrit og sérhannaðan hjálparbúnað.

tmf.is

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð sinnir námskeiðshaldi fyrir fatlað fólk og veitir ráðgjöf til náms við aðrar menntastofnanir.

fjolmennt.is

Fyrirtæki á vegum ÖBÍ

BRYNJA - Hússjóður Öryrkjabandalagsins leigir út íbúðir til öryrkja með 75% örorkumat.

brynjahus.is

Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing er fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

hringsja.is

Örtækni veitir fótluðum einstaklingum tímabundna vinnu í formi verkþjálfunar og/eða vinnu til frambúðar.

ortækni.is

Hreyfingar ÖBÍ

Kvennahreyfing ÖBÍ er frjáls og óháður vettvangur sem hefur það að markmiði að efla gagnrýna umræðu um málefni fatlaðra og langveikra kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins.

Ungliðahreyfing ÖBÍ hefur það markmið að starfa í þágu ungs fatlaðs fólks og vera rödd þess innan bandalagsins með því að veita ÖBÍ aðhald og stuðning í að vinna að hagsmunamálum þeirra.

Sjóðir

Námssjóður Sigríður Jónsdóttir veitir öryrkjum styrki til hagnýts náms. Nánari upplýsingar á obi.is

Sjóður Odds Ólafssonar veitir styrki, m.a. vegna rannsókna, forvarna, fræðslu, framhaldsnáms og rannsóknarstarfa. Nánari upplýsingar á obi.is

Hvatningarverðlaun ÖBÍ

Hvatningarverðlaunin eru veitt árlega á alþjóðadegi fatlaðs fólks, 3. desember. Markmið verðlaunanna er að skapa jákvæða ímynd fyrir fatlað fólk og vekja athygli á þeim sem þykja hafa skarað fram úr og endurspeglad nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.